

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. maí 2014
Tilvísun: UST20140400307/bs

Deiliskipulag - Smávirgjun við Bláfell í Bláskógabyggð. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu dags. 28. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Um er að ræða byggingu 10-20 kW rafstöðvar við Bláfell. Ráðgert er að byggja jarðvegsstíflu í Grjótá og væri efni tekið úr lónstæði, en lónið gæti orðið allt að 1. ha að flatarmáli. Pípur og jarðstrengir verða grafnir niður og þar sem fyrirhugað framkvæmdasvæði er að mestu gróðurlaust ættu ummerki um jarðrask að verða lítil ef vel verður að verki staðið. Stöðvarhús verður um 20 m² að flatarmáli og þannig frá því gengið að það sést lítið eða ekki frá Kjalvegi. Lögð verður áhersla á að allar framkvæmdir verði afturkræfar.

Þegar fyrirhuguð virgjun verður tekin í notkun verður lögð af olíurafstöð sem til þessa hefur framleitt rafmagn fyrir fjarskiptastöð á Bláfelli.

Umhverfisstofnun telur að ef vel verði staðið að framkvæmdinni og áhersla lög á að framkvæmdin verði afturkræf mun umrætt deiliskipulag hafa óveruleg umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag.

Virðingarfyllt
Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
sérfræðingur

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur